

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Fljótshéraðs**  
**vegna Davíðsstaða, Múlaþingi.**

Skipulagsstofnun staðfesti 31. ágúst 2021 breytingu á aðalskipulagi Fljótshéraðs 2008-2028 sem samþykkt var í sveitarstjórn Múlaþings 6. júlí 2021.

Í breytingunni felst að frístundabyggð (F60) að Hleinagarði II er felld niður. Stærstur hluti svæðisins er þess í stað skilgreindur sem landbúnaðarsvæði þar sem áform eru um skógrækt en einnig eru skilgreind tvö verslunar- og þjónustusvæði (V36 og V37). Heiti jarðarinnar hefur verið breytt í Davíðsstaði.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 31. ágúst 2021.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

---

B-deild – Útgáfud.: 14. september 2021